



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbrátt 24
15 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. mars 2003

Skjalanúmer: 110-0

Tilvísun: U20030300040/kg

Frumvarp um breytingu á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna), 464. mál

Umhverfisstofnun vísar til nefndarálits meirihluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna), 464. mál, sbr. þingskjal 1047, og breytingatillögu á þingskjali 1052.

Athygli Umhverfisstofnunar hefur verið vakin á 3. tl. b í breytingartillögum á þingskjali 1052 þar sem segir m.a.:

b. Eftirfarandi breytingar verði á 2. efnismgr.:

1. B-liður orðist svo: Vöktun á hættu ásamt öflun upplýsinga í samvinnu við visindastofnanir.
2. C-liður orðist svo: Viðbúnaður vegna geisla- og kjarnorkuvár í samvinnu við Geislavarnir ríkisins.
3. Á eftir c-lið komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - d. Vöktun á umhverfismengun í samvinnu við Umhverfisstofnun og landlæknisembættið.
 - e. Vöktun á dýrasjúkdómum sem ógnað geta almannaheill í samvinnu við yfir dýralækni og landlæknisembættið.
4. Við d-lið bætist: í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
5. Við e-lið bætist: í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.

Umhverfisstofnun er ekki ljóst hvers vegna framangreindar breytingar hafa komið til umræðu og hvers vegna ekki hafi verið leitað álits stofnunarinnar áður en þær voru gerðar á frumvarpinu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða í viðbrögðum við almannavá. Stofnunin telur hins vegar að það geti ekki verið hlutverk ríkislögreglustjóra að hlutast til um almenna umhverfisvöktun en tilgangur slíkrar vöktunar er að fylgjast almennt með mengunarstigi umhverfisins, sbr. skilgreining á hugtakinu vöktun í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunavarnir, og í frumvarpi til laga um verndun hafs og stranda. Styrkur mengunarefna í umhverfinu

hefur sjaldnast nokkur tengsl við bráðaviðbrögð eða almannavá. Það er hins vegar óumdeilt að samvinna og samráð verður að vera varðandi bráðamengun og mengunaróhöpp sem rekja má til hamfara af einhverju tagi. Umhverfisstofnun (áður Hollustuvernd ríkisins) hefur lengi haft samstarf við Almannavarnir ríkisins þar að lútandi. Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægar upplýsingar sem nýtast til viðbúnaðar og áhættugreiningar eru ekki aðeins á vísindastofnunum heldur einnig á stjórnsýslustofnunum eins og Umhverfisstofnun.

Í ljósi framanritaðs óskar Umhverfisstofnun eftir því að framangreindur b-liður í þingskjali 1052 verði breytt sem hér segir (breytingar eru skáletraðar):

b. Eftirfarandi breytingar verði á 2. efnismgr.:

1. B-liður orðist svo: Vöktun og mat á hættu ásamt öflun upplýsinga í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.

...

3. Á eftir c-lið komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:


d. Viðbúnaður vegna mengunaróhappa í samvinnu við Umhverfisstofnun og landlæknisembættið.

...

Umhverfisstofnun er reiðubúin að senda fulltrúa sína á fund allsherjarnefndar ef nefndin þess óskar.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður